



## Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **18-003U001**

Dagsetning: **3. janúar 2018**

Staðsetning: **Vesturlandsvegur við Hvamm**


Atvik: **Framanákeyrsla**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Samantekt

*Ökumaður fólksbifreiðar ók yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir vörubifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður fólksbifreiðarinnar lést í slysinu.*

## Staðsetning



### Látinn:

37 ára karl

### Veður og birta:

Myrkur, þurr og lítill vindur, hiti við frostmark

### Vegur:

Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst. Þurr yfirborð.

### Tími sólarhrings:

Kl. 09:35

### Ökutæki:

Subaru Legacy, nýskráð 2006

Mercedes Benz Atego, nýskráð 2003

Skoda Octavia, nýskráð 2006

Toyota Land Cruiser 90, nýskráð 1996

## Lýsing á slysi

Að morgni dags 3. janúar 2018 var Subaru bifreið ekið á Vesturlandsvegi áleiðis til Reykjavíkur. Ökumaðurinn var einn í bifreiðinni. Bifreiðinni var ekið í röð nokkurra bifreiða. Skyndilega var bifreiðinni ekið yfir á rangan vegarhelming beint í veg fyrir vörubifreið sem ekið var úr gagnstæðri átt. Samkvæmt frásögn vitna reyndi ökumaður vörubifreiðarinnar að sveigja frá til hægri rétt áður en vinstra framhorn Subaru bifreiðarinnar rakst á vinstra framhorn vörubifreiðarinnar. Áreksturinn var harður, vinstra framhjól vörubifreiðarinnar bognaði aftur og rann bifreiðin stjórnlaus eftir veginum þar til hún stöðvaðist rúmum 60 metrum frá árekstrarstað. Subaru bifreiðin kastaðist út fyrir veginn og stöðvaðist á hjólunum um 15 metrum frá árekstrarstað.

Engin hemla- eða skriðför sáust á vettvangi eftir Subaru bifreiðina. Þar sem áreksturinn varð liggur vegurinn í mjúkri beygju. Sennilegt er að ökumaður Subaru bifreiðarinnar hafi ekki beygt til að fylgja veglínunni og því hafi bifreiðin farið yfir á rangan vegarhelming.



**Mynd 1: Mynd tekin í akstursátt (suður) Subaru bifreiðarinnar.**

Tjón varð á tveimur öðrum bifreiðum. Ökumaður Toyota bifreiðar sem ekið var á eftir vörubifreiðinni sveigði frá til vinstri til að forða því að lenda aftan á vörubifreiðinni og fór út fyrir veg vinstra megin. Sú bifreið skemmdist nokkuð en engir áverkar hlutust af. Brak eftir áreksturinn lenti svo á Skoda bifreið sem ekið var á eftir Subaru bifreiðinni.

### Áverkar

Ökumaður Subaru bifreiðarinnar var spenntur í öryggisbelti og loftpúði í stýri sprakk út í slysinu. Mikil aflögun varð inn í ökumannsrými bifreiðarinnar og lést ökumaðurinn af völdum fjörláverka sem hann hlaut í slysinu.

Ökumaður vörubifreiðarinnar var með öryggisbeltið spennt. Hann hlaut áverka á hendi.

Engir líkamlegir áverkar voru á fólki í hinum ökutækjunum.

### Ökuhraði

Samkvæmt ökuritaskífu var vörubifreiðinni ekið á um það bil 85 til 90 km/klst hraða rétt fyrir slysið. Ökumenn sem óku á eftir Subaru bifreiðinni greina frá að ökuhraði hafi verið 85 – 90 km/klst.

## Ökutækin

Subaru Legacy bifreiðin og Mercedes Benz vörubifreiðin voru teknar til rannsóknar eftir slysið. Subaru Legacy bifreiðin var nýskráð í september 2006. Bifreiðin var síðast færð til skoðunar í maí 2017 og gerðar voru þrjár minniháttar athugasemdir við ástand hennar. Bifreiðin var með gilda skoðun þegar slysið átti sér stað. Hún var útbúin lítið slitnum negldum vetrarhjólborðum. Engar vísbendingar fundust um að útsýn ökumannsins hafi verið hindrað í aðdraganda slyssins. Ekkert kom fram við rannsókn á bifreiðinni sem skýrt getur orsök slyssins.

Mercedes Benz vörubifreiðin var flutt inn notuð til landsins árið 2017 en fyrsta skráning ökutækisins var árið 2003 skv. ökutækjaskrá. Bifreiðin var útbúin lítið slitnum hjólborðum. Á palli bifreiðarinnar var stór kerra. Hún var bundin niður með ströppum en einn þeirra slitnaði við áreksturinn. Ljóst er að afleiðingar slyssins hefðu getað orðið alvarlegri ef kerran hefði ekki haldist föst á pallinum. Ekkert kom fram við rannsókn á bifreiðinni sem skýrt getur orsök slyssins.

## Vegur og umhverfi

Vegurinn þar sem slysið átti sér stað er með bundnu slitlagi, óupplýstur og með hámarks hraða 90 km/klst. Ein akrein er í hvora átt og hálfbrotnar miðlínur eru málaðar á veginn. Veður var gott, þurr og en myrkur og lítill vindur. Hiti var við frostmark en engin hálka var á veginum þegar slysið átti sér stað.

## Áfengis- og lyfjaprófanir

Áfengis- og lyfjamæling á ökumanni vörubifreiðarinnar var neikvæð. Áfengismæling á ökumanni Subaru bifreiðarinnar var neikvæð en við lyfjamælingu komu fram lyf í lækningalegum skömmtum. Hann var sennilega undir slævandi áhrifum þessara lyfja sem hann tók að staðaldri að læknisráði. Samkvæmt fylgiseðli lyfjanna skal ekki aka bifreið meðan lyfin eru tekin.

## Orsakagreining

- Ökumaður Subaru bifreiðarinnar ók yfir á rangan vegarhelming í veg fyrir vörubifreiðina
- Ökumaður Subaru bifreiðarinnar var undir áhrifum lyfja sem skerða aksturshæfni
- Sennilegt er að ökumaður Subaru bifreiðarinnar hafi sofnað eða misst athygli við aksturinn

## Ábending

### Aðgreining akstursátta

Umferð um Vesturlandsveg á þessum stað er mikil, að meðaltali um 10 þúsund ökutæki á sólarhring. Að mati nefndarinnar er afar brýnt að aðgreina akstursáttir á vegum þar sem umferð er mikil til að fyrirbyggja framanákeyrslur. Í samgönguáætlun 2019–2033 er gert ráð fyrir að framkvæmdir við aðgreiningu akstursátta á Vesturlandsvegi hefjist árið 2019 og ljúki árið 2022. Nefndin hvetur stjórnvöld til að flýta framkvæmdum.

### Notkun slævandi lyfja og akstur

Sum lyfseðilsskyld lyf hafa slævandi áhrif sem gerir það varasamt að stjórna ökutæki eða vinna störf sem þarfnast fullrar einbeitingar. Læknar verða að upplýsa sjúklinga sína um áhrif slævandi og róandi lyfja á viðbragðsflýti og einbeitingu. Jafnframt er mikilvægt að einstaklingar hafi sjálfir í



huga þessar verkanir eða aukaverkanir lyfja. Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfja vel, og ef þörf er á getur verið gott að nálgast frekari upplýsingar hjá læki eða lyfjafræðingi.

**Skýrsluna samþykkja:**

Geirþrúður Alfreðsdóttir  
Ásdís J. Rafnar  
Guðmundur Freyr Úlfarsson  
Guðrún Nína Petersen

**Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa**

Sævar Helgi Lárusson  
Stjórnandi rannsóknar

**Reykjavík 13. nóvember 2019**  
**Rannsóknarnefnd samgönguslysa**